

Íslenska 3. - 4. b.

Kennarar: Birgitta Sveinsdóttir; Hafdís Guðlaug Skúladóttir

3, 4

Lýsing

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag:

Unnið eftir kennsluaðferðum Læsisfimmunnar. Einnig samþætting við safnakennslu og fleiri greinar.

Sjálfstæður lestur, félagalestur, hlustun, orðavinna og ritun.

Hópavinna, einstaklingsvinna, paravinna, stöðvavinna.

Innlagnir frá kennurum.

Lestur og lestrarþjálfun.

Námsefni:

Ritrún 1-3,

Lesrún,

Málrækt,

Lestarbækur ásamt vinnubókum,

Skriftarbækur og verkefni,

Ýmis verkefni sem kennarar velja.

Námsmat:

Vinna nemenda metin jafnóðum allan veturinn.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

VS íslenska 3.-4.b.

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Geti nýtt sér efni á rafrænu formi og endursagt kjarna þess.
- Geti bætt greini við nafnorð og stafsett rétt með hjálp orðanna minn og mín.
- Geti fundið nútíð og þátíð sagnorða.

- Þjálfist í upplestri fyrir litlu upplestrarkeppnina, beitir þar skýrum og áheyrulegum framburði.
- Geti aflað sér upplýsinga úr bókum og af veraldarvefnum og nýtt upplýsingarnar í vinnu.
- Geti fallbeygt nafnorð og þekkir heiti falla.
- Sýni virka hlustun, áhuga og kurteisi.
- Geti lesið úr einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Geti stigbreytt lýsingarorð.

VS íslenska 3.-4.b. - Talað mál, hlustun og áhorf

- Geti sagt frá eftirminnilegum atburði með eðlilegri framvindu.
- Geti endursagt efni sem hefur veri lesið, hlustað á eða horft og greint frá upplifun sinni.
- Geti tjáð skoðanir sínar.
- Tileinki sér þær reglur sem gilda í samræðum s.s. að skiptast á, grípa ekki fram í, hlusta og taka eftir.
- Geti átt góð samskipti.
- Geti greint frá upplifun sinni eftir að hafa hlustað eða horft á leikið efni, ljóð og söngva.

VS íslenska 3.-4.b. - Lestur og bókmenntir

- Geti lesið lipurt og skýrt.
- Geti nýtt orðaforða sinn til að álykta um efni texta.
- Tengir þekkingu sína við lesefni til að ná merkingu þess.
- Geti valið sér lesefni sem hæfir áhuga og getu.
- Geti lesið sér til ánægju.
- Þekki hugtakið söguþráður.
- Ná lesfímiviðmiðum að vori.
- Geti lesið fjölbreytt efni við hæfi, s.s. sögur, ljóð og ævintýri.

- Þekki og geti rætt um söguþráð, boðskap og umhverfi í texta.
- Kannist við fáein hugtök í bragfræði, s.s. rím, kvæði og vísa. .

VS íslenska 3.-4.b. - Ritun

- Geti skrifað skýrt og læsilega.
- Noti upphaf, meginmál og niðurlag við ritun texta.
- Geti samið texta frá eigin brjósti, s.s. sögu, frásögn eða ljóð.
- Geti notað einfaldar stafsetningarreglur við ritun texta, s.s. stóran staf í upphafi málsgreinar, stóran staf í sérnöfnum og punkt í lok málsgreinar.
- Geti skrifað fjölbreyttan texta, s.s. fréttir, sendibréf, boðskort eða frásögn og leyft öðrum að njóta skrifanna.
- Þekki og vinnur með mismunandi textagerðir, s.,s. fréttir, frásögn og auglýsingar úr bókum, blöðum og af veraldarvefnum.
- Geti skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

VS íslenska 3.-4.b. - Málfræði

- Geti raðað í stafrófsröð.
- Geti nýtt sér stafrófið til leitar og við skipulag.
- Þekkir nafnorð, sagnorð og lýsingarorð.
- Kunni skil á mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Geti búið til málsgrein í texta.
- Þekki muninn á sérnöfnum og samnöfnum.
- Geti leikið sér með orð og merkingu þeirra með því að fara í orðaleiki.
- Þekki sérnöfn og samnöfn.
- Geti fundið kyn og tölu nafnorða.